

gjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973, um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 78. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum, sem settar eru

**Endurprentað blað.**